



VERKMENNTASKÓLI  
AUSTURLANDS

# Íslenska bankaævintýrið

FLUGIÐ OG FALLIÐ

Neskaupstaður

maí 2017

*Leiðbeinandi:*

Þorvarður Sigurbjörnsson

*Nemandi:*

Sigurður Ingvi Gunnþórsson



# Útdráttur

Fyrsta áratugur aldarinnar á Íslandi einkenndist af örum vexti fjármálakerfisins og íslensku bankanna. Bankarnir margfölduðust í stærð, og högnuðst á tá og fingri. Það hafði gríðarlega mikil áhrif á Íslenskt samfélag. Fjármálastarfsemi varð mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Til urðu fjölmargir íslenskir auðmenn sem áttu og eignuðst fyrirtæki sem færðu starfsemi sína út fyrir landssteinanna. Í þessar ritgerð verður fjallað um íslensku bankanna og bankakerfið. Allt frá ákvörðunn þáverandi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að einkavæða þá og einkavæðingarferlinu sjálfu þar til þeir féllu. Farið verður yfir það hvernig bankarnir uxu á þessum ævintýralegu árum. Síðan verður farið ítarlega yfir atburðarrásina sem að olli því að þeir féllu allir á einungis nokkrum sólarhringum. Að lokum verður vikið að þeim þjóðhagslegu áhrifum sem allur efnahagslegi uppgangurinn hafði.

# Efnisyfirlit

Útdráttur	i
1 Inngangur	1
2 Nýfrjálshyggja	2
3 Einkavæðingin	2
4 Vöxtur bankanna	4
5 Baturinn fer að rugga	7
6 Glitnir leitar á náðir Seðlabankans	9
7 Óvissan eykst	14
8 Endalokin	16
9 Þjóðhagsleg áhrif efnahagslegu uppsveiflunar	18
10 Lokaorð	24
11 Heimildaskrá	27

## Myndaskrá

1 vöxtur á eignum bankanna samanborinn við landsframleiðsu Íslands (Hagstofa Íslands, e.d) . . . . .	5
2 súluritið sýnir innstæðurnar á Edge og Icesave reiknigum í lok september 2008 og heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2008 (Hagstofa Íslands, e.d) . . . . .	7
3 Þróun á útgjöldum ríkissjóðs á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d) .	19

4	Þróun á tekjum ríkissjóðs á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d) . . .	20
5	Þróunin á útgjöldum til heilbrigðismála á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d) . . . . .	21
6	Þróun á einkaneyslu heimilanna á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)	22
7	Þróun á verðbréfaeign Íslendinga á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)	22
8	súluritið sýnir hlutfallslegu breytingu á möguleikum heimila í landinu á að ná endum saman á árunum 2004-2008 (Hagstofa Íslands, e.d) . . . . .	23
9	súluuritið sýnir veltu 10 stærstu fyrirækja landsins árið 2007 og veltu 300 stærstu fyrirtækja landsins árið 1999 (Hagstofa Íslands, e.d) . . . . .	24

# 1 Inngangur

Í ár eru tíu ár síðan að góðærið og efnahagslega uppsveiflan sem skapaðist með útrás íslenskra fyrirtækja, og leidd var af bönkunum, stóð sem hæst. Ný kynslóð athafnamanna sem kallaðir voru útrásarvíkingar fóru um víða og sópuðu að sér fyrirtækjum með yfirtökum bæði hér á landi og erlendis.

Viðhorfið á Íslandi á þessum árum var einfaldlega það að við værum best í heimi og gætum allt það sem við ætluðum okkur. Landsmenn fylktu sér á bak við útrásarvíkingana og trúðu því, eða að minnsta kosti vonuðu, að þeir vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera. Ástandið var gott á litlu eyjunni í Norður-Atlantshafi, sem kennd er við ís, annað er ekki hægt að segja. Við vorum líka kannski bara best í heimi, það benti ýmislegt til þess. Þó að sjálfstraust heillar þjóðar sé ekki mælanlegt þá get ég ímyndað mér að fáar þjóðir í heiminum hafi verið eins sjálfsöruggar og Íslendingar voru árið 2007.

Það var síðan á nánast einni nóttu sem allt hrundi. Bankarnir fóru í þrot og Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpaði áhyggjufulla þjóð og tilkynnti henni að raunveruleg hættu væri á þjóðargjaldþroti. Ávarpið endaði hann síðan á fleygu orðunum „Guð blessi Ísland“. Ástandið var það hryllilegt að það virtust ekki vera aðrir kostir í stöðunni en að biðla til æðri máttarvalda um aðstoð, svo fullkomið var fárviðrið. Orðatiltækið skjótt skipast veður í lofti er lýsandi fyrir það sem átti sér stað hér á Íslandi í lok september og í byrjun október 2008.

Andartaki áður hafði allt verið í himnalagi og Íslendingar verið á hraðri leið að sigra heiminn. Maður spyr sig hreinlega hvernig þetta gat allt gerst, bæði hvernig við náðum að skjótast svona hratt upp á stjörnuhimininn og hvernig landingin gat verið eins hörð og raun var á.

## 2 Nýfrjálshyggja

Nýfrjálshyggja (e. Neoliberalism) er nafn yfir pólitíska hugmyndafræði sem að byggir á frjálsu markaðshagkerfi og þeirri trú að stöðugur hagvöxtur sé forsendan fyrir framförum í mannlegu samfélagi. Hún leggur höfuðáherslu á lágmarks ríkisafskipti í efnahags- og velferðarmálum. Hugmyndafræðilegar rætur sínar á hún að rekja til klassískrar frjálslyndisstefnu (e. Classical Liberalism) sem varð til á 19. öld og byggði á efnahagsstefnu sem kölluð er Laissez-faire (Smith, Nicola, 2016).

Laissez-faire þýðir á frönsku „Látið fólk í friði“ og er heiti á hagfræðikenningu sem var vinsæl á 18. öld. Kenningin byggir á því að þeim mun minna sem að ríkisvaldið skiptir sér af markaðnum, þeim mun betri málum verða fyrirtæki í og þar með samfélagið í heild (Investopedia, e.d).

Einkavæðing fyrirtækja í eigu ríkisins, draga úr ríkisstyrkjum, breytingar á skattalöggjöfum í von um að stækka skattstofninn, draga úr halla í ríkisrekstri, lágmarka forræðishyggju og aukinn frjálsan markað. Þetta eru þær helstu breytingar sem að stuðningsmenn Nýfrjálshyggjunnar vilja sjá hjá stjórnvöldum.

Auk þess að vilja fækka öllum íþyngjandi reglugerðum á einstaklinga og fyrirtæki (Investopedia, e.d). Í kringum áttunda áratug síðustu aldar var efnahagsleg stöðnun í heiminum mikil. Það fékk marga hagfræðinga til þess að taka aftur upp stuðning við klassíka frjálslyndisstefnu (e. Classical liberalism), sem var endurskoðuð og fékk þar með nafnið Nýfrjálshyggja.

Grundvöllinn af endurskoðuninni lögðu tveir hagfræðingar, hinn breski Friedrich Von Hayek sem færði rök fyrir því að tilraun stjórnvalda til að endurskipta auðnum á milli þegnanna myndi leiða til forræðishyggju og að einstaklingar myndu missa allt sitt einstaklingsfrelsi. Hinn aðilinn var bandaríkjamaðurinn Milton Friedman sem hafnaði því að Fiscal policy hefði jákvæð áhrif á atvinnulífið.

Nýfrjálshyggjan er í daglegu tali hins vegar oftast kennd við þau Margaret Thatcher forsætisráðherra Bretlands frá 1979-1990 og Ronald Reagan 40. forseta Bandaríkjanna sem gegndi embætti frá árinu 1981-1989 (Smith, Nicola, 2016).

## 3 Einkavæðingin

Fyrir aldamótin 2000 var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forystu Davíðs Oddssonar við völd. Stefna þeirra ríkisstjórnar hefur oftast en ekki verið kennd við Nýfrjálshyggju. Á þessum tíma var ríkið ráðandi í bankastarfsemi á Íslandi í formi eign-

arhlutar þess í stóru bönkunum. Ríkisstjórnin hafði það hins vegar á sinni stefnuskrá að einkavæða ríkisfyrirtæki. Í stefnuyfirlýsingu hennar frá árinu 1995 þegar hún var mynduð segir að eitt af markmiðum hennar sé:

„Að leggja fram áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis“ (Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 1995).

Fjárfestingabanki atvinnulífsins hf, sem að hafði verið stofnaður árið 1997, var fyrstur bankanna á sölu. Hann var seldur í tveimur áföngum, fyrst var 49% hlutur ríkisins seldur í almennu útboði í nóvember 1998. Útboðsgengi var 1,4 og var virði sölnunnar 4,665 milljarðar sem komu í hlut ríkissjóðs. Markmið útboðsins var að ná dreifðu eignarhaldi yfir bankanum.

Hlutir í bankanum söfnuðust þrátt fyrir það fljótlega á hendur fárra manna og virði hlutabréfa í bankanum tvöfaldaðist frá skráningu í kauphöllinni fram að hausti 1999. Þetta olli talsverðu fjadrafoki í íslensku samfélagi og fór meðal annars af stað mikil umræða um kosti og galla þess að settar yrðu ákveðnar takmarkanir á eignarhald hluthafa í fjármálafyrirtækjum.

Í nóvember 1999 var síðan 51% eftirstandandi hlutur ríkisins í bankanum seldur. Kaupandi að hlutnum var fjárfestingahópur sem samanstóð af 26 lífeyrissjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum. Kauptilboð hópsins hljóðaði upp á 2,8 krónur á hlut og var söluandvirði 9,7 milljarðar. Samanlagt söluverð FBA var 14.365 milljarðar króna. Árið 2000 sameinaðist bankinn síðan Íslandsbanka sem síðar varð að Glitni banka hf.

Einkavæðing hinna stóru bankanna tveggja Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands var hins vegar tekin í fleiri skrefum og lauk með sölu Landsbankans þann 31. desember 2002 og Búnaðarbankans 16. júní 2003. Sala Landsbankans hófst haustið 1998 á svipuðum tíma og fyrra útboð FBA fór fram. Þá var nýtt hlutafé í bankanum boðið út og selt í útboði til almennings. Hlutaféið nam 15% af heildarhlutafé bankans og var útboðsgengið 1,90 og söluandvirðið 1,7 milljarðar.

Nýtt hlutafé í Búnaðarbankanum var einnig boðið út í desember 1998, útboðsgengi var 2,15 og í kringum einn milljarður króna kom í hlut ríkisins. Aðstæður á hlutbréfamarkaði voru mjög hagstæðar árið 1999 og vegna þess tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að selja 15% af hlutaféi beggja bankanna til þess að tryggt yrði að minnst 25% af heildarhlutafé þeirra yrði í eigu annarra aðila en ríkisins. Útboðið gekk mjög vel og var umfram eftirspurn eftir bréfunum. Söluvirði útboðsins var sammanlagt 5,5 milljarðar, 3,3 milljarðar fyrir Landsbankann og 2,2 milljarðar fyrir Búnaðarbankann.



Ríkið seldi síðan ekkert af hlutafé sínu í bönkunum tveim árið 2000 og 2001. Það var ekki fyrr en í júní 2002 sem ákveðið var að selja 20% hlutafjár í almennu útboði í Kauphöll Íslands. Útboðsgengið var 3,50 og gekk útboðið vonum framar og stóð ekki yfir í nema 15 mínútur en gert hafði verið ráð fyrir að það myndi standa yfir í mánuð. Söluandvirði var 4,792 milljarðar.

Árið 2002 átti svo sannarlega eftir að verða viðburðaríkt í einkavæðingu bankanna. Þetta var árið sem henni lauk. Síðar um sumarið var tekin ákvörðun um að selja stóran hlut í báðum bönkunum til kjölfestufjárfesta. Nefndin um framkvæmd einkavæðingarinnar auglýsti eftir áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbankanum og/eða Búnaðarbankanum. Fimm aðilar skiluðu inn tilkynningu. Samið var við eignarhaldsfélagið Samson sem var í eigu Björgólfs Thor Björgólfssonar, Björgólfs Guðmundssonar og Magnúsar Þorsteinssonar um kaup á 45,8% hlut í Landsbankanum. Kaupverðið var 12,3 milljarðar. Eftir samkomulagið átti ríkið eingöngu 2,5% hlut í bankanum, sá hlutur var seldur í gegnum kauphöllina og fyrir hann fengust 640 milljónir króna. Einkavæðingu Landsbanka Íslands hf var þar með lokið.

Kjölfestufjárfestirinn sem að keypti 45,8% hlut í Búnaðarbankanum var hópur fjárfesta sem að samanstóð af Eglu ehf., Samvinnulífeyrissjóðnum og Vátryggingafélagi Íslands. Kaupverðið var rúmlega 11,9 milljarðar króna. 9,11% hluturinn sem ríkið átti eftirstandandi í Búnaðarbankanum eftir söluna var seldur í gegnum viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Söluandvirði þess hlutar var í kringum 2,5 milljarðar króna.

Þar með urðu kaflaskil í stjórn mála- og viðskiptasögu Íslands, ríkið hafði á fáeinum árum dregið sig að öllu leyti úr almennri bankastarfsemi (Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, 2003). Búnaðabankinn og Kaupþing sameinuðust í apríl 2003 og til varð bankinn Kaupþing Búnaðarbanki hf (Búnaðarbanki Íslands og Kaupþings sameinast, 2003). Árið 2005 var nafni bankans breytt aftur og fékk hann nafnið Kaupþing banki (KB banki verður Kaupþing banki, 2005).

## 4 Vöxtur bankanna


Í kjölfar einkavæðingarinnar breyttist hlutverk ríkisins á fjármálamarkaðinum til muna og varð öll aðkoma og afskipti ríkisins af bankastarfsemi í formi laga- og reglusetningar, auk þess sem ríkinu bar að hafa eftirlit með starfseminni (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Næstu ár stækkuðu bankarnir gríðarlega hratt. Þeir juku umsvif sín erlendis til muna. Það gerðu þeir með kaupum á erlendum fjármálafyrirtækjum og útibúum og auknum alþjóðlegum viðskiptum sem að þeir stýrðu frá höfuðstöðvum sínum á Íslandi. Þessi gríðarlegi vöxtur erlendis var ekki flókinn þar sem að Ísland var aðili að Evrópska efnahags-

svæðinu (EES) og var öll laga- og regluumgjörð fjármálakerfisins að fyrirmynd tilskipanna sem Evrópusambandið hafði veitt Íslenskum stjórnvöldum. Starfsleyfi bankanna náði því ekki einungis yfir starfsemi á Íslandi heldur í öllum þeim löndum sem voru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Réttindi og skyldur þeirra voru þau sömu og bankar í löndum á EES-svæðinu. Önnur ástæða þess að bankarnir gátu vaxið eins hratt og þeir gerðu var að eftir aldamótin 2000 voru aðstæður á fjármálamörkuðum á alþjóðavísu óvenjulegar. Það voru nær engin takmörk á framboði á lánsfé og vextir höfðu ekki verið eins lágir og þeir voru í heila öld.

Fjármálastarfsemi varð brátt mikilvægasti atvinnuvegur á Íslandi. Velgengni bankanna kom sér vel fyrir þjófélagið, þeir greiddu starfsmönnum há laun og ríkissjóður hafði miklar skatttekjur af þeim. Til að setja vöxt bankakerfisins á árunum 2004-2007 í samhengi þá fóru eignir bankanna frá því að vera meira en 100% af vergri landsframleiðslu árið 2004 í 900% af vergri landsframleiðslu árið 2007. Íslenska bankakerfið var eitt það stærsta í heiminum miðað við verga landsframleiðslu. Á fjögurra ára tímabili frá 2003-2007 stækkuðu eignir bankanna að meðaltali um 70% á ári, á sama tíma jókst landsframleiðslan að meðaltali um 12% á ári.



Mynd 1: vöxtur á eignum bankanna samanborinn við landsframleiðslu Íslands (Hagstofa Íslands, e.d)

Ástandið á Íslandi og þessi gríðarlegi vöxtur Íslensku bankanna á erlendum mörkuðum var ævintýrlegur (Ingimundur Friðriksson, 2009). Bankamenn voru lofsungnir og Sigurður Einarsson þáverandi stjórnarformaður Kaupþings var sæmdur Fálkaorðunni árið

2007 fyrir forystu í útrás íslenskrar fjármálastarfsemi (forseti.is, 2007). Rúmu ári fyrr höfðu bankarnir hins vegar orðið fyrir mikilli gagnrýni á alþjóðlegum vettvangi eftir að þeir fóru að vekja athygli þar á bæ í lok árs árið 2005. Gagnrýnin var margvísleg og beindist meðal annars að því hversu hraður vöxtur þeirra var, áhættusækni þeirra mikil og hversu veigamikil lánsfjármögnun var fyrir allar athafnir bankanna. Með öðrum orðum þá var þessi gagnrýni á lágt hlutfall innlána, ógagnsæi, krosseignatengsl og margt annað. Skuldatryggingaálag á skuldabréf bankanna hafði farið hækkandi <sup>1</sup> (Ingimundur Friðriksson, 2009).

Strangt til tekið þá má segja að bankar fjármagni sig á þrjá vegu. Með innlánnum, lántöku og eigin féi. Það er reyndar mikil einföldun þar sem að lán skiptast niður í marga flokka. Algengast er að ein helsta fjármögnunarleið banka séu innlán. Hjá Íslensku bönkunum var raunin önnur, mikilvægi innlána í fjármögnum þeirra hafði hlutfallslega minnkað allt frá árinu 1998 og fram að árinu 2006. Árið 1998 voru íslensku viðskiptabankarnir þrír með að meðaltali 45% af fjármögnun sinni í gegnum innlán en það hlutfall var farið niður í 22% í lok árs 2004.

Í upphafi aldarinnar opnuðust dyr fyrir bankana inn á alþjóðlega markaði. Eins og fram kom þá var framboð lánsfjár nær ótakmarkað á þessum tíma og fjármögnuðu bankarnir sig að mestum hluta með erlendri skuldasetningu og þá helst með útgáfu erlendra skuldabréfa. Þeir sóttu sér gríðarlega háar fjárhæðir á skuldabréfamarkaði og árið 2005 gáfu íslensku bankarnir út skuldabréf fyrir samtals 14 milljarða evra sem að var tvöföldun frá fyrra ári og rúmlega landsframleiðsla Íslands það ár. (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Bankarnir tóku hins vegar þessari gagnrýni sem að þeir hlutu alvarlega og leituðust við að svara henni á ýmsan hátt. Meðal annars með því að auka upplýsingar til alþjóðlegra markaða og í leiðinni gagnsæi í rekstri sínum. Þeir reyndu að draga úr krosseignarhaldi, styrkja lausafjárstöðu sína og eiginfjárlutföll. Þeir hófu einnig undirbúning að sókn á innlánamarkað, í þeim tilgangi að stækka hlut innlána á skuldahlið efnahagsreikninga sinna (Ingimundur Friðriksson, 2009).


Landsbankinn og síðar Kaupþing kynntu til sögunnar innlánareikninga sem að nutu talsverða vinsælda. Innlánareikningurinn sem Landbankinn opnaði var nefndur Icesave, og opnaði í Bretlandi þann 1. október 2006. Icesave reikningarnir voru markaðssettir sem einfaldir rafrænir innlánsreikningar „Icesave easy access“. Haustið 2007 voru síðan sambærilegir reikningar opnaðir í Hollandi (Sigurður Már Jónsson, 2011). Vinsældir reikninganna mátti rekja til þess að þeir buðu hærri vexti en almennt tíðkaðist á öðrum innlánsreikningum (Sækja sér bresk innlán, 2006). Innlánareikningarnir sem að Kaupþing fór að bjóða upp á voru nefndir Edge. Þeir hófu göngu sína í nóvember 2007 í útibúi bank-

---

<sup>1</sup>Skuldatryggingaálag (e. credit default swap eða CDS) er mælikvarði á markaðskjörum sem bjóðast á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum. Eftir því sem að skuldabréfið telst vera áhættumeiri fjárfesting þeim mun hærra verður skuldatryggingaálagið (Ríkiskassinn.is).

ans í Finnlandi. Edge reikningar voru settir á laggirnar í fleiri löndum og þegar bankinn féll var boðið upp á slíka reikninga í 11 löndum. Upphæðirnar sem að söfnuðust á bæði Edge og Icesave reikningana voru gríðarlega háar. Í lok september 2008 voru innistæðurnar á Edge reikningum Kaupþings rúmlega 5,38 milljarðar evra sem jafngildi tæplega 783 milljörðum króna á þáverandi gengi. (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Innistæður á Icesave reikningum voru meira en 5 milljarðar evra í Bretlandi sem að skiptust á milli 300.000 eigenda slíkra reikninga. Í Hollandi voru innistæður 1,7 milljarðar evra og eigendur reikningana voru 125.000 talsins. Í heildina voru rúmlega 6,7 milljarðar evra á Icesave reikningum jafnvirði meira en 975 milljarða króna. (Sigurður Már Jónsson, 2011). Heildarinnistæður á bæði erlendu innlánareikningum Landsbanks og Kaupþings, Icesave og Edge voru yfir 11,7 milljarðar evra eða meira en 1758 milljarðar króna. Til að setja það í samhengi hversu gríðarlega háar upphæðir það voru, þá voru heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 2008, 673 milljarðar króna eða einungis rúmur þriðjungur af innistæðum þessara reikninga.



Mynd 2: súluritið sýnir innstæðurnar á Edge og Icesave reikningum í lok september 2008 og heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2008 (Hagstofa Íslands, e.d)

## 5 Báturinn fer að rugga

Um mitt ár 2007 jókst ólgan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Aðstæður á mörkuðum versnuðu. Áhættufælni fjárfesta jókst, framboð á lánsfé minnkaði og skuldatryggingaálag

hækkaði og þar með talið á skuldabréf íslensku bankanna. Ástandið hélt áfram að versna það sem eftir lifði af árinu 2007. Alþjóðleg efnahagskreppa var hafin.

Það má segja að bankarnir hafi verið betur í stakk búinir en áður eftir að þeir fóru að auka hlut innlána á skuldahlið efnahagsreiknings síns til þess að takast á við breyttar aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Það voru bundnar vonir við það að aðstæður myndu batna í upphafi árs 2008 eða þegar að ársreikningar bankanna yrðu gerðir opinberir. Sú von varð ekki að veruleika. Aðstæður fóru áfram versnandi og það varð enn erfiðara að fá aðgengi að lánsfé. Skuldatryggingaálög hækkuðu enn frekar og voru þau orðin verulega há (Ingimundur Friðriksson, 2009).

Það var síðan á síðari hluta ársins 2008 eða nánar tiltekið mánudaginn 15. september sem að þáttaskil urðu í efnahagskreppunni. Bandaríski fjárfestingabankinn Lehman Brothers fór í þrot og lýsti yfir gjaldþroti. Þessi tíðindi þóttu risastór en enginn á Íslandi gat samt ímyndað sér þá hryllilegu atburðarás sem átti eftir að fylgja í kjölfarið. Markaðir brugðust samstundis við þessum fregnum og þennan sama morgun hækkaði skuldatryggingaálagið á Íslensku bankana til muna. Hlutfallslega hækkaði álagið á Landbankanum mest eða um 40% og fór upp í 650 punkta. Hjá Kaupþingi hækkaði það í 800 punkta og Hjá Glitni fór það í rúmlega þúsund punkta. Skuldatryggingaálagið hækkaði meira næstu daga. Íslensku bankarnir töpuðu fé við gjaldþrot Lehman Brothers. Þeir áttu inni í bankanum tæpar 183 milljónir evra. Fjármálaeftirlitið taldi það hins vegar ekki mikið áhyggjuefni þar sem að þetta var einungis 2% af heildareiginfjárgrunni þeirra.

Í þessum aðstæðum þótti það góðar fréttir og til að bæta við þær góður fréttir þá bárust þær fréttir til landsins að alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefði staðfest Aa1 láns hæfiseinkunn ríkissjóðs. Íslenska ríkið átti að vera í stakk búíð til að geta staðið af sér samdrátt í hvaða atvinnuveg sem er og hætta á kerfisbundnu falli á Íslandi var talin lítil. Þessar fréttir veittu Íslensku þjóðinni, sem var áhyggjuful yfir stöðu mála, örlitla von.

Aðrar fréttir voru hins vegar verri en þær voru að gengisvísitala krónunnar fór stöðugt hækkanði og þar með varð krónan stöðugt veikari. Á 10 ára afmælisdegi undirritaðs þann 18. september 2008 var gengisvísitala krónunnar skráð 177,3 stig, hærri en nokkru sinni fyrr. Krónan hafði aldrei verið veikari. Íslenskir fjölmiðlar byrjuðu í kjölfarið að flytja fréttir sem voru taldar óhugsandi og enginn vildi heyra. Það er að einn eða fleiri af Íslensku bönkunum gæti farið í þrot. Dagarnir liðu og bankamenn stigu fram og reyndu að stappa stálinu í almenning (Guðni TH. Jóhannesson). Lárus Welding forstjóri Glitnis mætti kokhraustur í þjóðfélagssumræðuþáttinn Silfur Egils, sem var í þáttastjórn Egils Helgasonar, á sunnudeginum 21. september og sagði enga hætta á því að Íslensku bankarnir myndu falla. Íslensku bankarnir væru vanir því umhverfi sem að erlendir bankar væru að fást við þessa dagana, sem sagt að vera með hátt skuldatryggingaálag.

Samkvæmt honum þá skapaði sveigjanleiki í kerfinu hjá Íslensku bönkum, og hvernig

þeir höfðu undirbúið sig, þeim gríðarlega sterka stöðu. Vandamál erlenda banka sagði hann vera að þeir væru of háðir einum eignaflokki sem var í þessu tilfelli fasteignaveðlán. Eignir Íslensku bankanna voru hins vegar mjög dreifðar og þeir væru að litlum hluta tengdir fasteignalánum (Lárus Welding: Sveigjanleiki í kerfinu er að skila okkur sterkri stöðu, 2008).

Halldór J. Kristjánsson þáverandi bankastjóri Landsbankans tók í sama steng og sagði á málþingi bankans um þjóðhagsspá næstu ára að hann væri ekki í nokkrum vafa að Íslenska kerfið myndi komast vel í gegnum þessa þróun sem væri að sjást á alþjóðlegum vettvangi. Það var sama hvað talsmenn bankanna sögðu, staðreyndin var sú að krónan var í frjálsum falli og alþjóðlega efnahagskreppan sem að hafði byrjað í Bandaríkjunum ári áður vegna fasteignalána var komin til Íslands. (Guðni TH. Jóhannesson, 2009)

## 6 Glitnir leitar á náðir Seðlabankans

Næstu dagar einkenndust af þögn og fundarhöldum bak við luktur dyr á milli helstu ráðamanna þjóðarinnar og forsvarsmanna Glitnis. Lausafjárstaðan hjá Glitni var talsvert verri en hjá hinum bönkunum tveim og einnig styttist í gjalddaga á 750 milljóna dala skuldabréfi. Lánalínur voru lokaðar út um allan heim og áhyggjur Glitnismanna voru eðlilega miklar. Að morgni fimmtudagsins 25. september hélt Þorsteinn Már Baldvínsson, stjórnarformaður Glitnis, á fund Davíðs Oddssonar Seðlabankastjóra í höfuðstöðvum bankans á Kalkofnsvegi. Þorsteinn Már gerði Davíð grein fyrir því að hann hefði áhyggjur af fjármögnun bankans og tilkynnti honum að Glitnir væri með mjög góðan lánapakka og spurðist fyrir um hvort að Seðlabankinn gæti lánað þeim út á veð í þann pakka. Davíð útilokaði ekki að veita slíkt lán en tók það fram að margt þyrfti að að skoða og fara yfir. Á föstudeginum hafði engin niðurstaða komið frá fundi Þorsteins og Davíðs.

Eftir að markaðir lokuðu á föstudeginum fór Þorsteinn aftur upp í Seðlabanka og að þessu sinni var Lárus Welding með honum í för. Þeir kynntu innihald lánapakkans sem Þorsteinn hafði nefnt deginum áður fyrir Seðlabankastjóra og öðrum innanhússmönnum. Það varð einnig ljóst hversu stórt lán Glitnismenn voru að sækjast eftir. Þeir þurftu á 600 milljón evra láni að halda sem að samsvaraði 80 milljörðum íslenskra króna á þáverandi gengi. Þetta var gríðarlega há upphæð eða þriðjungur af gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans eins og hann hafði verið um mánaðarmótin áður. Lánið myndi gera þeim kleift að standa skil á greiðslum á 750 milljón dala skuldabréfinu sem var á gjalddaga eftir tæpar 3 vikur eða 15. október. Það voru hins vegar fleiri gjalddagar framundan á næstu mánuðum en stjórnendur bankans voru fullvissir um að ef þeir kæmust í gegnum sinn tímabundna vanda yrði mun auðveldara fyrir þá að afla sér hefðbundinna skammtímalána að nýju og þar með standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Lánapakkinn sem Glitnir var að

bjóða þyrfti samt að vera yfir allan vafa hafinn. Í fyrstu leist sérfræðingum Seðlabankans nokkuð vel á veðin sem Glitnir var að bjóða, enda nam virði þeirra um það bil 750 milljónum evra.

Glitnismenn fóru bjartsýnir inn í föstudagskvöldið með þá von að þeim yrði veitt umbeðið lán. Þeir vildu samt sem áður kanna aðra möguleika og ræddu við stjórnendur Landsbankans um sameiningu bankanna tveggja og stóðu þreifingar þeirra á milli fram á aðfaranótt laugardags. Þótt að lausafjárstaða Glitnis var verri en hjá Landsbankanum þá álitu stjórnendur Glitnis svo að þar sem að eignasafn þeirra væri sterkara en eignasafn Landsbankans þá vægi það upp á móti verri lausafjárstöðu. Forsvarsmenn Landsbankans sýndu hugmyndum um sameiningu áhuga en voru ekki tilbúnir að ganga til formlegra viðræðna að svo stöddu. Það var samt sem áður ljóst að nauðsyn væri á miklum og samræmdum aðgerðum á milli Íslensku bankanna. Sömu sögu var að segja af krónunni, hún hélt áfram að falla og með miklum hraða. Þegar að markaðir lokuðust þennan föstudag var gengisvísitala krónunnar komin í 183,5 stig.

Áhyggjur Glitnismanna jukust síðan enn frekar á laugardeginum þegar að það kom í ljós að þeir hefðu ekki heimild til að veðsetja lánapakkann sem að þeir höfðu boðið Seðlabankanum eða hinn svokallaða „Offshore-pakka“. Nú voru góð ráð dýr og þurftu starfsmenn Glitnis að vinna hröðum höndum að því að leita lausna. Þeir settu saman nýjan „lánapakka“ sem að þeir töldu vera alveg eins góðan og þann fyrri. Engin svör bárust hins vegar frá Kalkofsvegi og ekki hjálpaði það við að róa taugar Glitnismanna. Þorsteinn Már hringdi í Davíð og óskaði eftir fundi með honum á ný. Davíð var önnum kafinn og sá sér ekki fært að hitta Þorstein. Þorsteinn náði hins vegar í Geir H. Haarde forsætisráðherra sem að hafði komið til Íslands um morguninn, en hann hafði flýtt heimför af ráðstefnu í New York eftir að Davíð hringdi í hann og tilkynnt honum um vandræðin sem að herjuðu að Íslenska bankakerfinu.

Þorsteinn útskýrði sjónarmið bankans fyrir forsætisráðherra og nauðsyn þess að honum yrði veitt neyðarlán. Þegar að sunnudagur bar að garði hafði von Glitnismanna um að umrætt lán yrði veitt að mestu fjarað út. Þeim fréttum að ákvörðun hafði verið tekin um að lánið yrði ekki veitt virðast hafa verið lekið, allavega fékk auðjofurinn og einn aðaleigandi Landsbankans Björgólfur Thor Björgólfsson veður af þeim fregnum og hugsanlegri yfirtöku Seðlabankans á Glitni. Björgólfi þótti þetta skelfileg lausn og forsvarsmenn Kaupþings voru sama sinnis. Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings taldi bestu lausnina vera að veita Glitni stórt ríkislán og kalla síðan þá í Kaupþing að borðinu og í sameiningu yrði fundin einhver lausn sem myndi falla vel í kramið hjá alþjóðlegum fjárfestum.

Hugmyndir um mögulegan samruna Landsbankans og Glitnis höfðu verið uppi á borðinu í kringum páska og síðan aftur í ágúst, þá að frumkvæði Geirs H. Haarde. Vegna mikilla skuldabyrði Glitnis höfðu Landsbankmenn ekki sýnt því neinn raunverulegan áhuga. Nú var hins vegar örlagastund í sögu Íslenska bankakerfisins og ef Glitnir mynd falla þá gæti

hann auðveldlega dregið hina bankana tvo með sér í fallinu. Klukkan þrjú á sunnudeginum sendi Landsbankinn frá sér samrunatillögu til forsætisráðherra og formanns bankastjórnar Seðlabankans.

Tillagan var rædd að mikilli alvöru en niðurstaðan varð sú að henni var hafnað. Davíð Oddson var ekki hrifinn af tillögunni og sagði við Landsbankamenn að þeir væru að reyna notfæra sér vandamál Glitnis til þess að hrifsa hann til sín og í leiðinni fé skattborgara. Geir H. Haarde og Tryggvi Þór Herbertsson efnahagslegur ráðgjafi forsætisráðherra mættu í höfuðstöðvar Seðlabankans á sunnudeginum og fóru yfir beiðni Glitnis um neyðarlán og veðin sem Glitnir bauð voru yfirfarin. Davíð Oddsson var heldur ekki hrifinn af innihaldi þess pakka og ekki þótti koma til greina að veita lán út á hann. Í kringum hálf ellefu mætti Þorsteinn Már og Lárus Welding í Seðlabankann ásamt tveimur lögfræðingum, þeim Gesti Jónssyni og Herði Felix Harðarsyni. Örlög Glitnis voru ráðin, ríkisstjórnin hafði tekið ákvörðun. Þegar að þeir komu á fundinn snéru Geir og Davíð sér beint að efninu og tilkynntu þeim niðurstöðuna. Niðurstaðan var sú að Glitnir fengi ekki lán en ríkisvaldið myndi leggja bankanum til 84 milljarða og í leiðinni eignast ráðandi hlut í honum eða 75%.

Bankinn yrði þjóðnýttur og hluthafar myndu glata gríðarlega miklum fjármunum. Stjórnendur Glitnis mótmæltu harðlega en ríkisstjórnin hafði tekið ákvörðun og þeirri ákvörðun varð ekki haggð. Þessi ákvörðun féll ekki í kramið hjá aðal áhrifamönnum bankakerfisins. Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings hringdi bæði í Geir H. Haarde og Björgvin G. Sigurðsson og grátbað þá um að veita Glitni lán þrátt fyrir að veðin sem bankinn bauð væru ótraust, bankakerfið lægi undir. Þorsteinn Már boðaði stjórn Glitnis á símafund og kynnti fyrir þeim ákvörðunina og um leið og það hafði verið gert var gert hlé á fundinum. Starfsmenn voru ræstir út og mættu þeir í höfuðstöðvar Glitnis hver á fætur öðrum á hlaupum eins og þeir ættu lífið að leysa. Allar aðrar mögulegar leiðir en að samþykkja tilboð stjórnvalda voru skoðaðar þessa nótt. Samræðum um sameiningu var haldið áfram við fulltrúa Landsbankans. Einnig var kannað hvort það væri hægt að fá neyðarlán eða einhverja aðstoð erlendis frá. Afstaða Glitnismanna þurfti að liggja fyrir áður en markaðir yrðu opnaðir í morgunsárið. Klukkan fimm um morguninn kallaði Þorsteinn stjórn sína aftur saman á símafund. Það var einungis einn kostur í stöðunni og sá var að samþykkja tilboð stjórnvalda (Guðni TH. Jóhannesson, 2009).

Á mánudagsmorgni var blaðamannafundur boðaður og Davíð kynnti ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir hönd Seðlabanka Íslands. Ákvörðunin var rökstudd á þeim grundvelli að lausafjárstaða Glitnis væri þröng og aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum afar krefjandi. Fyrir hlutinn myndi ríkissjóður greiða 600 milljónir evra eða 84 milljarða króna. Einnig kom fram að fjármálaefirlitið mat stöðu bankans trausta, og sagði að eiginfjárstaða og eignasafn Glitnis væri traust. Eiginfjárhlutfall<sup>2</sup> Glitnis yrði 14,5% (Glitnir þjóðnýttur

---

<sup>2</sup>Eiginfjárhlutfall er hlutfall eiginfjár af heildarfjármagni fyrirtækis, það er reiknað út á eftirfarandi



fyrir 84 milljarða króna, 2008).

Aðgerðir voru nauðsynlegar, um það var ekki deilt, en fólk spurði sig hins vegar hvort að rétt ákvörðun hafi verið tekin, voru ekki betri kostir í stöðunni? Þennan sama daga óskaði viðskiptaveldi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Stoðir, eftir greiðslustöðvun. Stoðir var í krafti eignarhaldsfélaga sinna, stærsti hluthafinn í Glitni með tæplega 30% hlut. Á föstudeginum hafði þessi hlutur verið virði 68,6 milljarða að markaðsvirði en eftir þjóðnýtinguna var hluturinn orðinn 7,3% og virði 8,2 milljarða (Guðni TH. Jóhannesson, 2009). Jón Ásgeir leyndi ekki reiði sinni og sagði þennan gjörning ríkisstjórnarinnar vera „stærsta bankarán Íslandssögunnar“ (Björn Ingi Hrafnsson, 2008).

Hluthafafundur var boðaður í Glitni þann 11. október þar sem að hluthafar myndu taka formlega afstöðu til ákvörðunar sem ríkisstjórnin hafði tekið í málefnum bankans (Hluthafafundur í Glitni laugardaginn 11. október, 2008). Forsætisráðherra boðaði einnig til blaðamannafundar á mánudeginum klukkan tvö í stjórnarráðinu til þess að ræða ákvörðunina. Á fundinum lagði Geir H. Haarde áherslu á að Glitnir væri vel rekinn banki en vegna erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum mörkuðum var nauðsynlegt fyrir ríkisvaldið að rísa undir þeirri ábyrgð sem stjórnvöld bera og að ákvörðunin var tekin í þeim tilgangi að koma ró á fjármálamarkaðinn og koma í veg fyrir að bankinn færi í þrot. Við viðskiptavini bankans ítrekaði hann að þeir þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af innistæðum sínum. Í lok fundarins sagði Geir síðan að hann gerði ekki ráð fyrir því að ríkið þyrfti að grípa til svipaðra aðgerða gagnvart Lansbankanum og Kaupþingi (Geir segir ástæðulaust fyrir fólk að óttast um innistæður sínar, 2008).

Markaðurinn brást illa við tíðindum dagsins. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 þennan mánudaginn kom fram að gengi krónunnar lækkaði um 3,8% yfir daginn þegar. Á einum mánuði hafði gengi krónunnar þar með lækkað um 15%. Bandaríkjadalur kostaði nú 100 krónur en hann hafði kostað 83 krónur þann 1. september, evran kostaði 144 krónur samanborið við 123 krónur í byrjun mánaðar. Verð hlutabréfa lækkaði einnig eða um nærri 5%, hlutbréf Landbankans lækkaðu um 6,7% og hlutabréf Kaupþings um 3,6%. Frjálst fall krónunnar, hafði það í för með sér að afborganir af lánum hjá fjölmörgum einstaklingum, sem að höfðu tekið myntkörfulán<sup>3</sup> hjá bönkunum, hækkuðu gríðarlega mikið. (Guðni TH. Jóhannesson, 2009).

Viðbrögð leiðtoga flokkanna í stjórnarandstöðu létu heldur ekki á sér standa. Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins lýsti yfir ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og sagði að þjóðin væri að súpa seyðið af aðgerðarleysi hennar. Hann sagði að fjármálakreppa um allan heim væri búin að liggja í loftinu síðan fyrrahaust og ríkisstjórnin væri að bregðast

---

hátt: Eiginfjárlutfall = eigið fé/eignir

<sup>3</sup>Myntkörfulán eru gengistryggð lán sem eru að sumu eða öllu leyti fastengd við gengi erlendra gjaldmiðla, sem sagt að ef gengi krónunnar lækkar gagnvart gjaldmiðlinum sem myntkörfulánið er tengt við þá hækkar höfuðstóll lánsins

allt of seint við. Þó gagnrýndi Guðni ekki leiðina sem var farin varðandi þjóðnýtingu Glitnis og taldi að það sem Seðlabankinn væri að bera á borð væri trúverðugt og nauðsynlegt væri að bjarga sparifé landsmanna og róa í leiðinni markaðinn. Hann vonaðist jafnframt eftir að ákvörðunin myndi ekki hafa víðtækari afleiðingar í för með sér fyrir ríkissjóð (Björn Jóhann Björnsson, 2008). Steingrímur J. Sigfússon tók í sama streng og Guðni Ágústsson og sagði að ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefði líklega verið „illskásti“ kosturinn í erfiðri stöðu. Einnig sagði hann að fyrst að ríkið hefði þurft fyrir það fyrsta að koma að málefnum bankans hafi það verið hreinlegast að ríkið myndi fara með ráðandi hlut í Glitni. Það gæfi landsmönnum vonir um að þessi verðmæti myndu skila sér til baka einn daginn. Nauðsynlegt væri að ráðast í tiltekt innan bankanna og vísaði Steingrímur þar til þeirra gríðarlega háu launa sem að stjórnendur bankanna hefðu skammtað sér út á „ímyndaðan skyndigróða“ eins og hann orðaði það (Björn Jóhann Björnsson, 2008).

Sama hljóð var uppi á teningnum hjá Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins. Hann sagði að það hefði lítið annað verið hægt í stöðunni en að ríkið myndi ganga í málið og bjarga jafnframt því sem bjargað varð. Vonaðist hann til þess ríkinu tækist að lágmarka skaðann. Hann lýsti hins vegar áhyggjum yfir því að sömu mönnum yrðu ætlað að stýra bankanum áfram eftir að bankinn væri kominn í hendur ríkissins. Hann sagði ekki geta séð fram á að þessir sömu menn höfðu tekist að stýra Íslenska bankakerfinu eins og hefði átt að gera, af fullri ábyrgð. Rétt eins og Steingrímur J. vísaði hann í þá ofurlaunastefnu sem hafði verið rekin í bönkunum og spurði hvort að þetta væri launastefna sem ríkið ætlaði að standa fyrir (Björn Jóhann Björnsson, 2008).

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings sagði tíðindin vera vissulega gríðarlega stór og óvænt. Hann tók það hins vegar fram að Kaupþing væri í góðum málum og staða hans sterk. „Þriðji ársfjórðungur sem er að enda núna, er okkar besti ársfjórðungur hvað varðar innlánasöfnun og fjölgun viðskiptavina“. Undanfarna mánuði hafði lausafjárstaða bankans farið batnandi og Hreiðar tók síðan fram að bankinn myndi ekki þurfa að leita aðstoðar frá Seðlabankanum eins og Glitnir hafði gert. (Tíðindin komu á óvart, 2008). Stjórnarformaður Glitnis, Þorsteinn Már Baldvinsson sem að hafði fundað linnulaust með stjórnvöldum alla helgina við að leita lausna á vandræðum bankans sagði í samtali við blaðamann Fréttablaðsins að þjóðnýtingin hafi ekki verið nauðsynleg og möguleiki hefði verið á að fara aðrar leiðir hefði frekari tími verið gefinn til þess. Þorsteinn sagðist hins vegar gleðjast fyrir hönd bæði viðskiptavina og starfsmanna bankans að tryggt væri að bankinn yrði áfram opin og starfrækur en taldi jafnframt hluthafa bankans vera hlunnfarna (Svavar Hávarðsson, 2008).

## 7 Óvissan eykst

Í kjölfar ákvarðarinnar bárust slæmar fréttir frá markaðinum og á þriðjudeginum var tilkynnt að alþjóðleg matsfyrirtæki höfðu lækkað láns hæfiseinkun ríkissjóðs og stóru viðskiptabankanna þriggja. Það má segja að láns hæfiseinkunn ríkisins hafi farið úr því að vera góð yfir í það að vera sæmileg. Ákvörðunina röktu matsfyrirtækin til þjóðnýtingar Glitnis, og létu fylgja með að ef ástandið á íslenskum fjármálamarkaði færi versnandi og myndi kalla eftir frekari ríkisstuðningi þá myndi stefna í óefni. (Kvöldfréttir Stöðvar 2, 2008, 30. sept).

Ótti og óvissa um framtíðina einkenndi ástandið í þjóðfélaginu þessa dagana. Örlög Glitnis voru ráðin en nú beindi fólk sjónum sínum að Landsbankanum og Kaupþingi og spurði sig hvað yrði um þá? Sannfæring var á meðal stjórnenda Landsbankans og Kaupþings og ráðamanna þjóðarinnar að Landsbankinn og Kaupþing myndu ekki enda eins og Glitnir, innlánasöfnun þeirra á Icesave og Edge reikninga átti að vera töframedalið sem kæmi þeim í gegnum þennan skelfilega vanda. Það sem gerir fjármálamarkaðinn hins vegar svo viðkvæman er að hann byggir að stóru leyti á trausti og þar með gat öll neikvæð umræða um bankana og bankakerfið haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Bankarnir voru allir á sama báti, vandamál eins banka var vandmál þeirra allra. Þess vegna óttuðust sérfræðingar og stjórnendur bankanna að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þjóðnýta Glitni hefði andstæð áhrif en henni var ætlað á íslenska bankakerfið. Þeir töldu hana sýna hversu berskjaldaður Seðlabankinn væri og vanmáttugur um að veita bönkunum neyðaraðstoð kæmi til þess.

Almenningur tók öllum þessum yfirlýsingum, frá stjórnendum Landbankans og Kaupþings, forsætisráðherra og fleiri háttsettum mönnum, um að ríkið myndi ekki þurfa að grípa til sömu neyðaraðgerða og var gripið til gagnvart Glitni með fyrirvara enda höfðu atburðir síðust vikna bæði verið ófyrirsjáanlegir og gerst á miklum hraða. Það var einungis liðin rúm vika síðan Lárus Welding bankastjóri Glitnis hafði lofsungið Íslenska bankakerfið og sagt að engar líkur væru á því að hlutirnir sem nú voru orðnir að veruleika væru mögulegir. Almenningur hafði góða ástæðu til að efast, Bloomberg – allsherjar upplýsingaþjónusta fjármálamarkaðarins, sagði íslensku bankana vera efsta á lista yfir banka sem væru á leið í þrot (Guðni TH. Jóhannesson, 2009).

Á mánudagskvöldinu höfðu Geir H. Haarde, forsætisráðherra og Björgólfur Thor Björgólfsson og bankastjóri Landsbankans þeir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason, átt leynifundi í Stjórnarráðinu. Fréttablaðið hafði eftir heimildarmanni sínum að umræðuefni fundarins hafi verið staða mála í fjármálaheiminum eftir yfirtöku ríkisins á Glitni og möguleg sameining bankanna tveggja. Enginn af þeim sem sátu fundinn tjáðu sig opinberlega um hann (Landsbankamenn á kvöldfundi í forsætisráðuneytinu, 2008). Vikan fór öll í það hjá forsvarmönnum Landsbankans og Kaupþings í það að gera ráðstafanir til þess

að þeirra banki hlyti ekki sömu örlög og Glitnir. Á miðvikudeginum 1. október var til að mynda tilkynnt að Straumur Burðarás hafði keypt meirhluta af erlendri starfsemi Landsbankans á sviði fyrirtækjaráðgjafar og verðbréfamiðlunar. Kaupverðið var 380 milljónir evra, sem voru 55,4 milljarðar á þáverandi gengi. Viðskiptin voru gerð í þeim tilgangi að styrkja lausafjárstöðu bankans (Straumur kaupir hluta Landsbankans, 2008).

Síðar í vikunni hélt ástandið áfram að versna. Það sýndi sig svart á hvítu hversu skaðleg áhrif neikvæð umfjöllun getur haft á bankakerfið þegar Gylfi Magnússon dósent við Háskóla Íslands og síðar ráðherra um tíma í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sagði bankana og fleiri fyrirtæki í rauninni gjaldþrota. Sömu menn og voru að vinna dag og nótt að því að reyna að bjarga því sem bjarga varð í bankakerfinu fordæmdu það að menn uppi í háskóla leyfðu sér að tala með slíkum hætti og sögðu að nauðsynlegt væri að sýna varkárni í allri umfjöllun sem snéri að bönkunum. Skaðinn var hins vegar skeður. Áhlaup<sup>4</sup> á bankana var hafið. Útibú fylltust af áhyggjufullum Íslendingum sem tóku fé út úr bönkunum. Það var ekki nóg með það að sótt var gríðarlega hart að bönkunum innanlands heldur var það einnig gert erlendis.

Föstudaginn 3. október þennan sama dag fékk Geir H. Haarde símtal frá Allistair Darling fjármálaráðherra Bretlands. Ástæða símtalsins var Kaupþing, grunur hafði vaknað í Bretlandi um að dótturbanki Kaupþings, Kaupthing Singer & Friedlander væri að flytja hundruðir milljóna punda til Íslands. Stjórnendur Kaupþings neituðu því að einhverjir óeðlilegir eignaflutningar hefðu átt sér stað úr Singer & Friedlander, sögðu þetta einfaldlega vera misskilning byggðann á því að Kaupþing hafði notað dótturbankann sem „nokkurs konar viðskiptagólf fyrir fjármögnun sína, fé fór um bankann í Englandi sem endaði síðan á öðrum stöðum innan samstæðunnar, meðal annars á Íslandi. Bretar gáfu lítið fyrir þær skýringar, og gerði breska fjármálaeftirlitið kröfu til Singer & Friedlander að hann ætti að eiga lausafé sem næmi 95% allra innlána. Það var krafa sem var nær ómögulegt að standa við í miðri alþjóða fjármálakreppu. Sama kvöld var Landsbankinn beðinn um að millifæra 400-450 milljónir punda á reikning Barclays-banka í Englandi til þess að geta mætt útsteymi af Icesave reikningum. Ástæða þessara krafna var einföld, vörumerkið Ísland var búið að glata trausti, og Bretar höfðu eigin hagsmuna að gæta.

Útstreymið af Icesave reikningum hafði aukist gríðarlega mikið allt frá því að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um þjóðnýtingu Glitnis hafði verið tilkynnt. Ekki var útstreymið af Edge reikningum eins mikið. Ástæða þess var að langflestir Edge reikninganna voru á vegum Kaupthing Singer & Friedlander, sem þýddi að það væri á ábyrgð breskra stjórnvalda að ábyrgjast innistæður þeirra. Ólíkt Icesave reikningunum, sem voru í útbúi Landsbankans í London og Hollandi, samkvæmt reglugerð EES bæru íslenskum stjórnvöldum þar með skylda til að ábyrgjast innistæður að lágmarki tæplega 21 þúsund evra á hverjum reikningi. Allar yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda voru hins vegar misvísandi hvað það

---

<sup>4</sup>Bankaáhlaup er þegar viðskiptavinir taka út innistæður sínar í banka í ríki mæli.

varðar og höfðu breskir ráðamenn miklar áhyggjur af því að Ísland myndi ekki standa við skuldbindingar sínar gagnvart innistæðueigendum í Bretlandi.

Lausafjárnandi Landsbankans var gríðarlegur, hann þurfti á miklum fjármunum að halda á næstu dögum, til þess að geta mætt kröfum breska fjármálaeftirlitsins. Breska fjármálaeftirlitið hafði vissulega breytt kröfu sinni til Landsbankans og bað hann um talsvert lægri tryggingu fyrir útsteyminu af Icesave reikningum. Það skipti samt sem áður litlu máli þótt að upphæðin væri minni, jafn erfitt var að nálgast lausafé í heiminum þessa stundina. Landsbankinn bað Seðlabankann um 500 milljón evra lán gegn traustu veði, þær viðræður stóðu yfir helgina en ekkert kom út úr þeim. Kaupþing þótti standa betur að vígi enda hefðu þeir þegar selt mikið af eignum og áttu lausafé upp á 170 milljarða króna og gátu losað um fleiri eignir ef nauðsyn bæri til. Þá tjáðu stjórnendur bankans Seðlabankanum að þeir gætu vel komist í gegnum erfiðleikanna sem herjuðu á bankanna ef þeir myndu fá skammtímalán frá ríkisvaldinu. Einnig ræddu forsvarsmenn Landsbankans og Kaupþings um sameiginlega yfirtöku á Glitni og sendu sameiningartillögu til ríkisstjórnarinnar sem átti þó ekki eftir að verða að veruleika (Guðni TH. Jóhannesson, 2009).

Til þess að gera helginni sem leið skil í stuttu og einföldu máli þá voru stíf stanslaus fundarhöld á milli ráðamanna þjóðarinnar og allra mögulegra hagsmunaaðila sem að gætu hugsanlega orðið að liði við að bjarga því sem bjargað varð í íslensku fjármálakerfi sem að einkenndi hana. Seðlabankinn átti í viðræðum um gjaldeyriskiptasamninga við frændur okkar á Norðurlöndunum en varð ekki ágengt. Að kvöldi sunnudags talaði Geir H. Haarde við fjölmiðla á tröppum ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu og fór yfir það sem hafði áunnist. Forsætisráðherrann sagði að ekki væri lengur þörf á sérstökum aðgerðum frá ríkinu, og að viðskipabankarnir hefðu samþykkt það að minnka umsvif sín með sölu eigna. Hann sagðist vera mjög ánægður með þá áfanga sem þarna höfðu náðst (Baldur Arason og Guðný Camilla Aradóttir, 2008). Geir var hins vegar ekki alveg að segja satt, ástandið á Íslandi var hræðilegt og það vissi hann. En ætla má að hann hafi ekki ákveðið að segja frá því hvernig ástandið raunverulega væri vegna þess að hann vildi sporna gegn áframhaldandi áhlaupi á bankanna.

## 8 Endalokin

Rúmlega hálfum sólarhring síðar ávarpaði Geir H. Haarde forsætisráðherra þjóð sína í beinni sjónvarpsútsendingu og tilkynnti henni að raunveruleg hætta væri á þjóðargjaldþroti. Hann sagði að frá því að hann hefði talað við fréttamenn við ráðherrabústaðinn kvöldið áður hefður hlutirnir breyst hratt. Eftir ávarpið sem minnst verður á um ókomna tíð fór hann niður á Alþingi og mælti fyrir frumvarpi sem nefnt hefur verið neyðarlögin. Lögin gáfu fjármálaeftirlitinu gríðarlega víðamiklar heimildir til þess að grípa inn í stjórn

fjármálafyrirtækja við „sérstakar og óvenjulegar“ aðstæður á fjármálamarkaði. Helstu heimildir sem neyðarlögin veita voru meðal annars þær að ríkið mátti yfirtaka banka. FME getur tekið yfir völd hluthafafunda, og bannað fjármálafyrirtækjum að ráðstafa eignum og fjármunum sínum. Einnig getur FME krafið fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun. Í stuttu og einföldu máli um neyðarlögin má segja að þau feli í sér að fjármálaeftirlitið og ríkið þurfi ekki að lúta neinum hefðbundnum lögum er varða fjármálamarkaðinn og eignarhald í fyrirtækjum.

Neyðarlögin eru talin vera róttækustu lög sem nokkurn tímann hefur verið fjallað um á Alþingi Íslendinga. Þau voru sett til þess að koma í veg fyrir algert hrun og vegna kerfislægs mikilvægis bankakerfisins. Nauðsynlegt væri að halda gangandi almennri bankastarfsemi í landinu annars myndi upplausnar ástand skapast. Einnig væri verið að reyna að koma í veg fyrir, með setningu laganna, að Ísland endaði í skuldaklafa næstu áratugina (Björn Ingi Hrafnsson, 2008).

Það leið ekki langur tími frá því að lögin voru staðfest þar til það reyndi á heimildir þeirra, því fyrir opnun markaða að morgni þriðjudagsins, aðeins nokkrum klukkustundum eftir að lögin höfðu verið virkjuð, tók Fjármálaeftirlitið yfir Landsbankann eftir að ljóst var að hann gæti ekki mætt útstreymi af Icesave reikningum og í kjölfarið var skipuð fimm manna skilanevnd sem ætlað var að fara með stjórn bankans (Banki í gjörgæslu Fjármálaeftirlitsins, 2008). Eins og fram hefur komið þá höfðu bresk stjórnvöld miklar áhyggjur af því hvort að Íslensk stjórnvöld ætluðu sér að ábyrgjast innistæður breskra sparifjáreiganda á Icesave reikningum að fullu.

Íslensk stjórnvöld höfðu verið skýr í því að þau myndu ábyrgjast allar innistæður íslenskra sparifjáreiganda en talað mjög óljóst um það hvort þeir myndu ábyrgjast innistæður umfram þá lágmarks upphæð sem þeim bæri skylda að ábyrgjast. Bretar voru ósáttir við að breskir sparifjáreigendur ættu ekki að setja við sama borð og íslenskir sparifjáreigendur. Úr varð milliríkjadeila sem hafði þær afleiðingar að Ísland var sett undir sama hatt og ein hættulegustu hryðjuverkasamtök veraldar. Sú deila verður hins vegar ekki rakin frekar hérna (Guðni TH. Jóhannesson, 2009). Síðar um kvöldið þá tók Fjármálaeftirlitið einnig yfir stjórn Glitnis og þar með varð ekkert af fyrirhugaðri hlutfjárauðningu sem stjórnvöld höfðu tekið ákvörðun um rúmri viku fyrr. Sólarhringur liðinn frá því að lögin tóku gildi og tveir af þremur Íslensku bönkunum voru komnir í hendur Fjármálaeftirlitsins (Björn Ingi Hrafnsson, 2008).

Kaupþing stóð einn bankanna eftir, gæti hann lifað var spurningin sem var á allra vörum. Kaupþing fékk 500 milljón evra lán frá Seðlabankanum sem átti að koma honum í gegnum erfiðleikanna eins og minnst hefur verið á. Lánið veitti Seðlabankinn gegn veði í danska bankanum FIH (Kauþing fékki 500 milljón evra að láni hjá Seðlabankanum, 2008). Það benti margt til þess að Kauþing myndi komast í gegnum ólgusjóinn, þeir voru búnir að fá lán hjá stjórnvöldum, lausafjárstaða bankans hafði verið mjög sterk fyrir

kreppuna og sömuleiðis var staða dótturbankans Singer & Friedlander gríðarlega sterk. Þegar áhlaupið hefði verið gert á Icesave reikningana, þá hömruðu stjórnendur Singer & Friedlander að ástæðulaust væri fyrir eigendur Edge reikninga að óttast um innistæður sínar, enda væri bankinn breskur og bresk stjórnvöld ábyrgðust innistæður á reikningum bankans.

Þau orð nægðu hins vegar ekki, tenging bankans við Ísland gerði það að verkum að áhlaup hófst á Edge reikninga. Það sem verra var að vegna deilna breskra og íslenskra stjórnvalda um ábyrgð innistæðna á Icesave reikningum þá höfðu breskir ráðamenn litla samúð með bankanum, þrátt fyrir að Singer & Friedlander væri gamall rótgróinn breskur banki. Breska fjármálaeftirlitið gerði kröfu til Kaupþings að Singer & Friedlander yrðu veittar 300 milljónir punda til þess að mæta úttektum í áhlaupinu síðustu daga og jafnframt ætti Kaupþing að útvega bankanum 2,3 milljarða punda. Sigurður Einarsson skyldi þessi skilaboð á þann veg að Kaupþing ætti einfaldlega ekki að fá að halda úti starfsemi í Bretlandi. Á sama tíma voru bresk stjórnvöld að kynna umfangsmiklar björgunaraðgerðir gagnvart bönkum í landinu, en Singer & Friedlander var neitað þegar hann bað um að vera hluti af þessum björgunaraðgerðum.


Ein lausn var eftir og það var að selja starfsemina í Bretlandi, það átti að taka 24-48 klukkustundir og Kaupþingi tækist þá að bjarga því sem bjargað yrði. Þennan sama dag urðu Kaupþingsmenn fyrir alvarlegu áfalli, í fréttum var tilkynnt að breska fjármálaeftirlitið hafði tekið Edge reikningana og fært þá yfir í ING Direct bankann í Hollandi, og Singer & Friedlander jafnframt settur í greiðslustöðvun. Gjaldþrot Singer & Friedlander markaði endalok Kaupþings, því að samkvæmt ákvæðum leiddi það til vanefnda lána-samninga sem var „ígildi gjaldþrots“. Stjórnendur Kaupþings voru tilneyddir til þess að óska eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki yfir stjórn bankans. Mánudaginn 9. október voru allir Íslensku bankarnir fallnir og komnir í hendur ríkisins. Rúmum þremur vikum eftir að Lehman Brothers féll og talað var um að staða Íslensku bankanna væri sterk (Guðni TH. Jóhannesson, 2009).

## 9 Þjóðhagsleg áhrif efnahagslegu uppsveiflunar

Það er alveg ljóst að uppgangur bankanna og íslenska útrásin hafði margvísleg þjóðhagsleg áhrif. Það voru gríðarlega mikið af peningum sem að komu inn í íslenska hagkerfið á þessum árum. Það sést svart á hvítu hveru mikill uppgangurinn á Íslandi var og þenslan í hagkerfinu var mikil, þegar fjármál hins opinbera eru skoðuð á fyrsta áratug 21. aldar. Árið 2000 voru heildarútgjöld ríkissjóðs rúmum 217 milljarðar en voru 673 milljarðar árið 2008, þó að annað komi fram á myndinni að neðan. Ástæða þess að óeðlilega mikil hækkun á útgjöldum ríkissjóðs frá árinu 2007 til ársins 2008 skýrist af yfirtöku ríkissjóðs

á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands upp á 192 milljarða, þar með voru útgjöldin samtals 673 milljarðar. Það gefur hins vegar miklu skýrari og eðlilegri mynd að tala um útgjöld ríkissjóðs árið 2008 án þess að telja töpuðu kröfurnar upp á 192 milljarðar með, þá voru útgjöldin 481 milljarður.

Yfirtakan er þar með ekki meðtalin á myndinni hér að neðan þar sem útgjöld fyrir árið 2008 koma fram. Útgjöldin voru tæpir 409,5 milljarðar árið 2007 svo að það breytir ekki þeirri staðreynd að útgjaldaaukningin var gríðarlega mikil á milli ára, burtséð frá því að yfirtökurnar á töpuðum kröfum Seðlabankans eru ekki meðtaldar. Án þeirra var hækkunin tæplega 17,5% árið 2008 frá útgjöldum fyrra árs. Á átta fyrstu árum nýrrar aldar hækkuðu útgjöld ríkissjóðs samtals um 121% (Yfirtaka á töpuðum kröfum Seðlabankans ekki meðtalin). Það eru ýmsar ályktanir sem hægt er að draga af þróuninni sem sést á útgjöldum ríkissjóðs á þessu tímabili. Þau gefa okkur til að mynda góða vísbendingu um það hvenær góðærið og þenslan náði hámarki sínu árið 2007 þegar mesta útgjaldaaukning bæði hlutfallslega og í milljörðum króna var gerð á fjárlögum ríkissjóðs fyrir næsta ár.



Mynd 3: Þróun á útgjöldum ríkissjóðs á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)

Því er ekki hægt að neita að íslenska ríkið naut gríðarlega góðs af öllum þeim uppgangi sem átti sér stað í íslensku samfélagi eftir aldamótin 2000 og bankarnir komust í einkaeigu og íslensk fyrirtæki hófu útrás á erlenda markaði. Tekjur ríkissjóðs jukust stöðugt frá aldamótum og fram að hruni bankanna árið 2008. Þar ber helst á auknum tekjum í formi skattgreiðslna á bæði tekjur einstaklinga og hagnað fyrirtækja. Á myndinni hér að neðan sést hvernig tekjuaukningin fór að vera meiri eftir árið 2003 þegar ríkið hafði losað sig að fullu við eignarhald sitt í bönkunum og umsvif bankanna og annarra íslenskra fyrirtækja varð meira áberandi á erlendum mörkuðum.




Öll þessi svokölluðu uppgangs eða útrásarár, að árinu 2008 undanskildu, skilaði ríkissjóður afgangi. Það er vel hægt að færa rök fyrir því að útgjaldaaukning ríkisins hafi verið eðlileg þar sem hún var í góðu samræmi við tekjuaukningu ríkissjóðs. En það er hins vegar alveg ljóst að það reynir mikið á hagstjórnina á þenslutímum, mikilvægt er að halda efnahagslegum stöðuleika en á sama tíma þá gerir almenningur eðlilega kröfu til þess að auknum fjármunum sé varið í helstu innviði samfélagsins, eins og t.d. mennta- og heilbrigðismál.



Mynd 4: Þróun á tekjum ríkissjóðs á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)


Þegar þróunin á útgjöldum til heilbrigðismála, sem eru alla jafnan stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs, eru skoðuð á þessu 10 ára tímabili, frá 2000-2010, sést að þróunin var nokkuð stöðug í aukningunni á útgjöldum. Hlutfallslega voru útgjöld til málaflokksins að meðaltali tæplega fjórðungur af heildarútgjöldum ríkissjóðs eða 24,5%. Það má þar með draga þá ályktun að aukin útgjöld til heilbrigðismála voru í takt við útgjalda- og tekjuaukningu.



Mynd 5: Þróunin á útgjöldum til heilbrigðismála á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)


Helsta niðustaðan, sem kemur út þegar fjármál hins opinbera á tímabilinu eru krufin, er sú að forsendan fyrir því að ríkissjóður gat ráðist í stöðuga útgjaldaukningu frá ári til árs er efnahagslegi uppgangurinn sem átti sér stað á Íslandi. Vöxtur bankanna og útrás íslenskra fyrirtækja skiluðu gríðarlega miklum skatttekjum í ríkissjóð, bæði í formi stjarnfræðilegs hagnaðar fyrirtækja og tekjuskatts af öllum þeim hálaunastörfum sem urðu til í bankageiranum. Aukin útgjöld voru fjármögnuð með auknum tekjum eins og fram kom að ofan.

En var ríkissjóður og stjórnendur bankanna og „útrásarfyrirtækjanna“ svokölluðu þau einu sem nutu góðs af ástandinu í þjóðfélaginu. Skilaði allur þessi uppgangur sér til almennings í landinu. Samkvæmt einkaneyslu heimila í landinu skilaði hann sér ekki síður til almennings. Einkaneysla heimilanna virðist hafa að mestu leyti verið nákvæmlega í takt við tekju- og útgjaldaaukningu ríkissjóðs á tímabilinu. Hún jókst mjög geist eftir árið 2003 og fór stöðugt hækkandi og nágaðist 800 milljarðar króna árið 2008. Almennigur tók þátt í „veislunni“ tölfræðin sýnir það.



Mynd 6: Þróun á einkaneyslu heimilanna á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)


Aukning á verðbréfaeign Íslendinga á þessu sama tímabili er einnig lygileg. Svo virðist sem nær allir íslendinga hafa verið að fjárfesta í hlutabréfum eða skuldabréfum. Um aldamótin var verðbréfaeign Íslendinga tæpir 137,5 milljarðar. Árið 2007 hafði hún þrefaldast og var orðin 494 milljarðar. Aukning á verðbréfaeign Íslendinga var töluvert meiri en bæði aukning á einkaneyslu heimilanna og útgjöldum og tekjum ríkissjóðs.



Mynd 7: Þróun á verðbréfaeign Íslendinga á árunum 2000-2010 (Hagstofa Íslands, e.d)

Síðan er mælikvarðinn sem er sennilega mikilvægastur af öllum þegar að efnahagslegur uppgangur og fleira er sett í samhengi. Það er hvort að lífsgæði almennings hafi aukist. Sú

var raunin lífsgæði almennings í landinu urðu talsvert betri í uppsveiflunni og fjárhagsstaða heimilanna sterkari. Þegar uppsveiflan náði hámarki sínu árið 2007 áttu sjö af hverjum tíu heimilum í landinu auðvelt með að ná endum saman. Einungis 5,6% heimila áttu mjög erfitt með að ná endum saman og fyrir 22,9% heimila í landinu var það nokkuð erfitt. Þróunin var mjög jákvæð frá árinu 2004 þegar Hagstofan byrjaði að safna þessum gögnum saman. Þá áttu tæplega 10% heimila í landinu mjög erfitt með að ná endum saman, fyrir 36,6% heimila var það nokkuð erfitt og rúmlega helmingur heimila átti auðvelt með það.




Mynd 8: súluritið sýnir hlutfallslegu breytingu á möguleikum heimila í landinu á að ná endum saman á árunum 2004-2008 (Hagstofa Íslands, e.d)

Það þarf heldur ekki að koma á óvart að atvinnulífið tók stökkbreytingum á þessum gríðarlega miklu uppgangstímum í íslensku samfélagi. Áður fyrr lifðu Íslendingar að mestu leyti á sjávarútvegi og landbúnaði. Nær alla 20. öldina hafði sjávarútvegur verið undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Aldamótin hafði ekki einungis þær breytingar í för með sér að nýtt árpúsund væri komið heldur ruddi fjármálastarfsemi sjávarútvegi frá sem stærstu atvinnugrein landsins.

Hagnaður fyrirtækja fór ört hækkandi og viðskiptaveldi sem virtust hreinlega ætla sér að ná heimsyfirráðum spruttu upp. Þegar samanburður er gerður á stærstu fyrirtækjum landsins árið fyrir aldamót eða árið 1999 og árið 2007, þá er hann ótrúlegur. Munurinn sem hafði orðið á stærð atvinnulífisins á minni en tíu árum var orðinn svo óraunverulega mikill að fáir hefðu getað spáð fyrir um hann í jafnvel sínum villtustu draumum. Árlega gefur Frjáls verslun út lista yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins og rekstarniðurstöður þeirra, miðað er við stærð fyrirtækja eftir veltu. Árið 1999 var velta 300 stærstu fyrirtækja landsins samtals 755 milljarðar. Velta Kaupþings eins og sér sem var stærsta fyrirtæki ársins árið 2007 var 306 milljarða króna. 10 stærstu fyrirtæki landsins voru með veltu uppá 1699 milljarða árið 2007 sem var næstum þúsund milljörðum meiri en velta 300

stærstu árið 1999. Tekið skal fram að allar tölulegar upplýsingar eru á verðlagi þess árs sem minnst er á.



Mynd 9: súluuritið sýnir veltu 10 stærstu fyrirkja landsins árið 2007 og veltu 300 stærstu fyrirkja landsins árið 1999 (Hagstofa Íslands, e.d)

## 10 Lokaorð

Hér hefur saga bankanna frá því að þeir komust í einkaeigu og hrundu síðan með skelfilegum afleiðingum verið rakin. Eftir standa samt sem áður fjölmargar spurningar. Stærsta spurningin sem enn er ósvarað er, afhverju hrundu þeir og hver ber ábyrgð á því. Það eru uppi fjölmargar kenningar um af hverju bankarnir féllu, misgáfulegar og misvel ígrundaðar. Einkennandi fyrir umræðuna á götunni hefur verið sú að skella skuldinni á einstaklinga.

Þar hafa nöfn manna á borð við Davíð Oddsson og Geir H. Haarde verið fyrirferðamikil yfir einstaklinga sem ábyrgðina bera. Það er í sjálfu sér eðlilegt þar sem þeir voru í eldlínunni allan tímann frá einkavæðingu til falls bankanna. Davíð var forsætisráðherra þegar bankarnir voru einkavæddir og seðlabankastjóri þegar þeir féllu. Geir var fjármálaráðherra þegar þeir voru einkavæddir og forsætisráðherra þegar þeir féllu. Hafa þeir báðir meðal annars fengið sæti á listum hjá virtum blöðum út í heimi sem einir af þeim einstaklingum sem hvað mesta ábyrgð bera á fjármálakreppunni sem reið yfir heimsbyggðina.

Reiði þjóðarinnar í kjölfar hrunsins hefur að stóru leyti verið beint að stjórnendum bankanna, eigendum bankanna og útrásarvíkingunum. Það er alveg ljóst að þeir höfðu ekki allir hreint mjöl í pokahorninu, og gerðust margir hverjir sekir um óheiðarleg athæfi. Í dag hafa margir fangelsisdómar fallið yfir bankamönnum og ennþá eru mörg svokölluð

„hrunnmál“ enn til meðferðar í réttarkerfinu. Algeng skoðun meðal fræðimanna varðandi orsakir hrunsins er að Ísland hafi einfallega verið alltof lítið til þess að geta staðið undir eins stóru bankakerfi og íslenska bankakerfið var orðið.

Varagjaldeyrissjóður Seðlabankans var of lítill til þess að geta veitt bönkunum nauðsynlega aðstoð til þess að þeir gætu siglt í gegnum ólgusjóinn sem þeir glímdu við. Í rauninni stenst ákvörðun Seðlabankans um að þjóðnýta Glitnir fræðilega skoðun. Því að á flestum stöðum í heiminum hefði hún haft þau áhrif í för með sér að traust á bankakerfinu myndi aukast og sýnt að stjórnvöld ætluðu sér að standa með bankakerfinu og innistæðueigendum. Á Íslandi sýndi það hins vegar lítið annað en það að Seðlabankinn hefði ekki nægt bolmagn til þess að standa með bönkunum, og hafði neyðst til þess að yfirtaka Glitni vegna þess að hann gat ekki tekið þá áhættu að veita honum stórt neyðarlán. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið fengið sinn skerf af gagnrýni, sem er eðlilegt í ljósi þess að hún var stofnunin sem hafði það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi bankanna.

Fjármálaeftirlitið var sagt hvorki hafa haft mannafla, þekkingu né burði til þess að sinna hlutverki sínu á þann hátt sem því bar skylda til. Mikið var um að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins yfirgáfu það fyrir betur borgandi störf í einkageiranum. Það er líka eðlilegt að velta því fyrir sér hvað stjórnvöld hefðu raunverulega getað gert. Ísland er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu sem gaf bönkunum gríðarlega mikið frelsi, og tækifæri til þess að stækka hratt utan landssteinanna. Stjórnvöld hefðu kannski mátt beita sér meira fyrir því að bankarnir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Sigurður Einarsson fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings sagði til að mynda eftir hrunið að stærstu mistök þeirra hafi verið að flytja ekki höfuðstöðvar bankans úr landi. Staða stjórnvalda var að minnsta kosti ekki öfundsverð, það er að þurfa að berjast við vandamál ofvaxins bankakerfis.

Pegar einblínt er á bankana, þá er ýmislegt sem að þeir hefðu mátt og getað gert talsvert betur, það er held ég ekki til manneskja sem getur í fullri hreinskilni neitað því. Eins og fram hefur komið þá uxu þeir ótrúlega hratt og fjármögnuðu sig að miklu leyti með heildsölufjármögnun, þ.e. útgáfu skuldabréfa. Það var stór galli og vel er hægt að halda því fram að það hafi verið stærsta ástæða falls þeirra. En aftur á móti þá höfðu bankarnir dregið úr útgáfu skuldabréfa og stækkað hlið innlána á efnahagsreikningi sínum. Það hafði heppnast sérstaklega vel hjá bæði Landsbankanum og Kaupþingi, með Edge og Icesave netreikningum. Landsbankinn og Kaupþing litu út fyrir að eiga ágætis möguleika á því að komast í gegnum fjármálakreppuna en Glitnir virtist aldrei eiga möguleika á því með alla þá himinháa gjalddaga á skuldabréfum sem vofðu yfir þeim á næstu mánuðum.

Þá kemur að því sem er svo einstakt við fjármálamarkaðinn og virðist ekki þurfa eiga við nein raunveruleg rök að styðjast en spilar samt svo gríðarlega stóran þátt í velgengni og möguleikum banka og það er traust. Ekkert er mikilvægara á fjármálamörkuðum en traust. Þar sem íslensku bankarnir voru yfirleitt settir undir sama þak í alþjóðlegri umræðu, þá hafði þjóðnýting Glitnis þau áhrif að allt traust á íslensku bönkunum hvarf. Í

kjölfarið hófst áhlaup á bankanna sem að hafði þær endanlegu afleiðingar að þeir féllu allir. Síðan benda auðvitað margir á það að í heiminum varð einfaldlega alþjóðleg fjármálakreppa sem að varð gríðarlega mörgum að bráð og þess vegna ekki hægt að kenna einhverjum nokkrum einstaklingum um hvernig fór, heldur segja margir hrun hafi verið óumflýjanlegt eftir að kreppan hófst.

Það er ljóst að fjöldi samverkandi atburða og ákvarðanna ollu því að svo fór sem fór og íslenska bankakerfið hrundi. Erfitt er benda á einhvern einn þátt fremur öðrum sem aðal áhrifavald hrunsins. Í dag vitum við meira en við gerðum í október 2008 og fleiri upplýsingar munu koma fram sem munu varpa skýrara ljósi á atburðarásina sem orsakaði fall íslensku bankanna. Hrunið er og verður stór þáttur í sögu íslensku þjóðarinnar. Það er sagt að allir Íslendingar muni hvar þeir voru staddir 6. október 2008 þegar Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpaði þjóðina og bað Guð um að blessa hana. Íslenska efnahagshrunið verður rætt um ókomna framtíð og á meðal ófæddra kynslóða. Við lifum á sögulegum tímum.

## 11 Heimildaskrá

Baldur Arason og Guðný Camilla Aradóttir. (2008, 6. október). *Minni erlend umsvif banka*. Morgunblaðið, bls 2.

*Banki í gjörgæslu fjármálaeftirlitsins*. (2008, 8. október). Fréttablaðið, bls 2

Björn Ingi Hrafnsson. (2008, 7. október). *Bjarga því sem bjargað verður*. Fréttablaðið, bls 8.

Björn Ingi Hrafnsson. (2008, 8. október). *Fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn Glitnis í gærkvöldi*. Fréttablaðið, bls 1.

Björn Ingi Hrafnsson. (2008, 30. september). „*Stærsta bankarín Íslandssögunnar*“. Fréttablaðið, bls. 4.

Björn Jóhann Björnsson. (2008, 30. september). *Ríkið fær stöðu til að stokka upp spilin*. Morgunblaðið, bls. 4.

Björn Jóhann Björnsson. (2008, 30. september). *Súpum seyðið af aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar*. Morgunblaðið, bls. 4.

Björn Jóhann Björnsson. (2008, 30. september). *Tekst vonandi að lágmarka skaðann*. Morgunblaðið, bls 4.

*Búnaðarbanki Íslands og Kaupþing sameinast*. (2003, 13. apríl). Mbl.is. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/725092/>

Forseti.is. (2007). *Orðuhafaskrá*. Sótt af <http://forseti.is/falkaordan/orduhafaskra/>

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu. (2003). *Einkavæðing 1999-2003*. Sótt af <https://www.forsaeti03pdf.pdf>

*Geir segir ástæðulaust fyrir fólk að óttast um innistæður sínar*. (2008, 29. september). Visir.is. Sótt af <http://www.visir.is/g/2008363992039/geir-segir-astaedulaust-fyrir-folk-ad-ottast-um-innistaedur-sinar>

*Glitnir þjóðnýttur fyrir 84 milljarðar króna*. (2008, 30. september). Vísir.is. Sótt af <http://www.visir.is/g/2008593022927/glitnir-thjodnyttur-fyrir-84-milljarda-krona>

Guðni Th. Jóhannesson. (2009) *Hrunið*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Hagstofa Íslands. (e.d). *Einka- og samneysla* [tafla]. Sótt 20. apríl 2017 af <http://hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. (e.d). *Heildarútgjöld hins opinbera, hagræn flokkun 1998-2016* [tafla]. Sótt 22. apríl 2017 af <http://hagstofa.is/>



Hagstofa Íslands. (e.d). *Útgjöld til heilbrigðismála* [tafla]. Sótt 22. apríl 2017 af <http://hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. (e.d). *Tekjur hins opinbera 1998-2016* [tafla]. Sótt 22. apríl 2017 af <http://hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. (e.d). *Verðbréfaeign* [tafla]. Sótt 20. apríl 2017 af <http://hagstofa.is/>

*Hluthafafundur í Glitni laugardaginn 11. október.* (2008, 2. október). Mbl.is. Sótt af [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2008/10/02/hluthafafundur\\_iglitni\\_laugardaginn\\_11\\_oktober/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2008/10/02/hluthafafundur_iglitni_laugardaginn_11_oktober/)

Ingimundur Friðriksson. (2009). *Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri: Aðdragandi bankahrunsins í október 2008*. Sótt af <https://skrif.hi.is/ritver/skraning-heimilda/skyrslur-samantektir-og-smarit/>

Investopedia. (e.d). *Laissez-Faire*. Sótt af <http://www.investopedia.com/terms/l/laissezfaire.asp>

*Kaupþing fékk 500 milljón evra að láni frá Seðlabankanum.* (2008, 6. október). visir.is. Sótt af <http://www.visir.is/g/2008107674702/kaupthing-fekk-500-milljonir-evra-ad-lani-hja-sedlabankanum>

*KB banki verður Kaupþing banki.* (2005, 18. mars). Mbl.is. sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/gr>

*Landsbankamenn á kvöldfund í forsætisráðuneytinu.* (2008, 30. september). Fréttblaðið, bls. 1.

*Lárus Welding: Sveigjanleiki í kerfinu er að skila okkur sterkri stöðu.* (2008, 21. september). Viðskiptablaðið. Sótt af <http://www.vb.is/frettir/larus-welding-sveigjanleiki-i-kerfinu-er-a-skila-o/13453/>

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*. Sótt af <https://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrslanefndarinnar/>

Ríkiskassinn.is. *Orðskýringar*. Sótt af <http://www.rikiskassinn.is/ordskyringar/>

Sigurður Már Jónsson. (2011). *Icesave samningarnir: Afleikur aldarinnar?* Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Smith, Nicola. (2016, 23. mars). *Neoliberalism*. Sótt af <https://skrif.hi.is/ritver/skraning-heimilda/vefsidur-og-blogg/>

*Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 1995*. Sótt af <http://www.stjornarrad.is/stefnuyfirlýsing/nr/69>

*Straumur kaupir hluta Landsbankans*. (2008, 1. október). Mbl.is. Sótt af <http://www.mbl.is/vidskipti>

Svavar Hávarðsson. (2008, 30. september). *Þjóðnýting var óþörf*. Fréttablaðið, bls. 8.

*Sækja sér bresk innlán.* (2006, 11. október). Fréttablaðið, bls. 31.

*Tíðindin komu á óvart.* (2008, 30. september). Morgunblaðið, bls. 4.